



Garri hefur haldið keppnina *Eftirréttur ársins* frá árinu 2010 og *Konfektmoli ársins* frá árinu 2017. Keppnin í ár verður haldin 31. október. Hún fer fram á La Primavera í Hörpu og er skráning hafin.

**Nemaverðlaun:** 50.000 kr. úttekt hjá Garra.

**Konfektmoli ársins:** Í fyrstu verðlaun er eftirréttanámskeið hjá Cacao Barry. Einnig hlýtur sigurvegari þann heiður að bjóða upp á sigurmolann í hátíðarkvöldverði Klúbbs matreiðslumeistara í byrjun árs 2024.

Keppnisrétt hafa þeir sem lokið hafa sveinsprófi í matreiðslu, konditori og bakaraiðn eða eru á nemasamningi í fyrrnefndum greinum. Undantekningartilvik eru metin sérstaklega.

Pema ársins er **Skandinavískt haust**.

Skylduhráefni:

- Cacao Barry, Zéphyr™ 34% – Einstaklega mjúkt og sætt hvítt súkkulaði sem hefur mjúka áferð og mikið mjólkurbragð.
- Capfruit jarðarberja- eða hindberjapúrra
- Jakobsen hunang

Notkun á súkkulaði, púrrum og hunangi frá öðrum framleiðendum er ekki leyfileg í keppninni. Keppendur skila á keppnisstað 15 tilbúnum konfektmolum í sömu tegund. Þrjú molar fara í smakk en 12 molar fara í myndatöku og uppstillingu. Skilátími er milli kl. 10 og 14 þann 31. október.

Vægi dóma:

10%	Skil á uppskrift
25%	Samsetning/hráefni/þema
35%	Bragð/áferð/rétt uppbygging/frumleiki/erfiðleikastig
20%	Framsetning

Uppskriftum og lýsingu á aðferðum skal skilað eigi síðar en sunnudaginn 29. október á [hulda@garri.is](mailto:hulda@garri.is). Uppskriftum verða gefin stig eftir uppsetningu og frágangi. Ef uppskriftum er skilað of seint fær viðkomandi 0 fyrir þann lið. Einnig skal uppskriftum skilað í þríriti fyrir dómara á keppnisstað. Garri hefur leyfi til að nota uppskriftir og myndir frá keppni í kynningarefni sínu. Úrslit verða kynnt á keppnisstað kl. 16 samdægurs. Ætlast er til að keppendur sýni snyrtimennsku við verðlaunaafhendinguna og mæti klæddir hreinum kokkajakka.

Skráning fer fram á vefsíðu Garra: [garri.is/namskeid/eftriretturarsins\\_2023-skraning](https://garri.is/namskeid/eftriretturarsins_2023-skraning) Grunnhráefnispakki til æfinga fylgir skráningu og greiðslu á 5.000 kr. staðfestingargjaldi. Gjaldið endurgreiðist þeim sem mæta samkvæmt tímaplani á keppnisstað. Staðfestingargjald skal leggja inn á reikning: 0301-26-000817, kt. 670892-2129.

Skráningarfrestur er til 20. október 2023.

Nánari upplýsingar veitir Hulda í síma 858-0333 eða [hulda@garri.is](mailto:hulda@garri.is)

Gangi ykkur vel!

